

56. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn mánudaginn 21. Desember 2015

Fundargerð

Fundurinn haldinn í fundarsal Fjarðabyggðar og í síma og hófst fundur kl. 14:00

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Gunnar Jónsson (GJ), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), Gauti Jóhannesson (GJ), Sigrún Blöndal (SB).

Mættir stjórnarmenn í síma: Sveinn Jónsson (SJ), Karl Lauritzson (KL), Sæunn Stefánsdóttir (ST)

Fjarverandi voru sem afboðuðu sig: Berglind Häsler (BH)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð og Guðrún Áslaug Jónsdóttir (GÁJ)

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Fjárhagsáætlun 2016
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1) Samþykkt síðustu fundargerðar

Fundargerð 55 staðfest með undirritun

2) Fjárhagsáætlun 2016

GJ opnaði umræðuna um fjárhagsáætlun 2015 með markmiðinu sem sett var fram á síðasta fundi. JÁÞ fór yfir áætlunina sem unnin hefur verið ásamt þeirri greinargerð og forsendum sem liggur fyrir. Farið yfir þær aðgerðir og forsendur sem fyrir liggja í drögum áætlunar lið fyrir lið og þær staðfestar.

Stjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun 2016 ásamt greiningargerð og skýringum við fjárhagsáætlun. Stofnaðilum Austurbrúar verði send fjárhagsáætlun ásamt greinargerð stjórnar.

Stjórn samþykkir einnig samhljóða að unnið skuli í samræmi við þær leiðir sem settar eru fram í áætlun til að ná fram 5% framlegð úr rekstri.

Stjórn felur jafnframt framkvæmdastjóra eftirfarandi:

- Boða á fund stjórnar fulltrúa Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Tilgangur þess fundar er að ræða aðkomu miðstöðvarinnar að efldri starfsemi í fjórðungnum. Fundurinn verði sem hluti af reglubundnum stjórnarfundi í janúar.
- Boða á fund stjórnar fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem bera ábyrgð á úthlutun fjármagns til stofnunarinnar. Tilgangur þess fundar er að fara yfir greinargerð stofnunarinnar um framlög til fræðslumála. Fundurinn verði sem hluti af reglubundnum stjórnarfundi í febrúar.
- Útfæra tillögur að verkefninu „Hagvísar Austurlands“ sem yrði nýtt verkefni sem kynnt yrði stofnaðilum og fyrirtækjum á Austurlandi með aðild þeirra í huga ásamt Byggðastofnun. Frumdrög yrðu kynnt stjórn á fyrsta stjórnarfundi ársins 2016. Markmið að verkefninu verði hrint af stað í apríl 2016.

3) Önnur mál

Vísað til næsta fundar

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 15:30

Gunnar Jónsson

Karl Lauritzson

Sveinn Jónsson

Gauti Jóhannesson

Sæunn Stefánsdóttir

Sigrún Birna Björnsdóttir

Sigrún Blöndal